

Umhverfisstofnun
Skv. BS
20 NOV. 2003
54.52
Tilv. UST20031000150



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun Landspítala, Hlíðarvegur 17, 101 Reykjavík

Deild umhverfisáhrifa og umhverfisráðgjafna

Deild umhverfisáhrifa og umhverfisráðgjafna

Deild umhverfisáhrifa og umhverfisráðgjafna

Deild umhverfisáhrifa og umhverfisráðgjafna

Deild umhverfisáhrifa og umhverfisráðgjafna

Deild umhverfisáhrifa og umhverfisráðgjafna

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

19. nóvember 2003
Tilvísun: UST20031000150/bs

Tvöföldun Vesturlandsvegjar frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.
Umhverfisstofnun gerir eftirfandi athugasemdir við matsskýrsluna:

Úlfarsá

Úlfarsá er á Náttúruminjaskrá (svæði 130) frá Hafravatni til ósa ásamt 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna. Í lýsingu á svæðinu segir m.a.: „*Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir valllendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur.*” Í matsskýrslu segir m.a.: „*Úlfarsá fósstrar heilbrigða stofna allra náttúrulegra ferskvatnsfiska sem finnast á Íslandi... Úlfarsá hefur því ótvírætt gildi sem tegundaríkt en viðkvæmt vistkerfi og hefur einnig ótvírætt gildi sem útivistarsvæði innan höfuðborgarinnar vegna staðsetningar sinnar.*” (Tvöföldun Vesturlandsvegjar bls. 29)

Mengunarástand árinna hefur verið metið af Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis og telst vatn árinna „*ósnortið vatn - lítið snortið vatn sem þýðir að í flestum tilvikum er ástand árinna gott.*” (Flokkun vatna á Kjósarsvæðinu bls. 26-27)

Ráðgert er að byggja tvær nýjar brýr yfir Úlfarsá sunnan núverandi brúar. Brýrnar verða byggðar á þurru og ánni síðan veitt undir þær með gerð nýs farvegjar. Góð hrygningar- og uppeldissvæði laxa eru í þeim hluta núverandi farvegjar sem áin verður færð úr að brúarsmíði lokinni. Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu sé ekki gerð grein fyrir í hverju annars vegar skammtímaáhrif og hins vegar langtímaáhrif á lífríki gætu falist, sbr. einnig umfjöllun um langtímaáhrif og vöktun hér að neðan. Stofnunin telur að umfjöllun um áhrif á lífríki Úlfarsár sé ekki í samræmi við samþykktu matsáætlun en þar segir m.a. að áhrif framkvæmdarinnar á ána verði metin, bæði skammtíma- og langtímaáhrif og gerð tillaga að mótvægisáðgerðum þar sem það á við.

Ofanvatn

Vegagerðin ráðgerir að veita ofanvatni út fyrir veg og þar skal mór taka við og síá óhreinindi úr ofanvatni. Skv. upplýsingum í matsskýrslu mun ofanvatnið „*seytla niður að mestu leyti og óverulegur hluti þess skilar sér alla leið niður að Úlfarsá. Áður en vatn sígur niður rennur það á yfirborði þar sem það gufar upp og hreinsast að nokkru leyti.*” (Tvöföldun

Vesturlandsveggar bls. 31)

Umhverfisstofnun bendir á að um síun ofanvatns segir eftirfarandi í skýrslunni „Flokkun vatna á Kjósarsvæðini“: „*Hversu mikið hverfur (af efnasamböndum úr ofanvatni) er m.a. háð eiginleikum efnanna, jarðvegi, gróðurfari og tímanum sem vatnið er í snertingu við jarðveginn. Sá tími er að jafnaði styttri því minni sem lektin á vatnasviðinu er.*”

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um meðhöndlun og áhrif ofanvatns í matsskýrslu sé ófullnægjandi. Ekki er gerð fullnægjandi grein fyrir því hvernig staðið verði að síun ofanvatns á þeim árstíma sem vænta má að jörð sé freðin. Það er einmitt á þeim sama tíma sem búast má við að mest af mengunarefnum berist með ofanvatni þar sem nagladekk, söltun og kuldi auka vegslit og þar með uppleyst efni í ofanvatni. Einnig er á þeim tíma að vænta meiri útblásturs bifreiða. Ekki er heldur gerð grein fyrir hvernig hreinsun snefilefna með uppgufun fer fram í rennandi vatni. Þá er ekki rökstudd sú fullyrðing að einungis „óverulegur hluti“ ofanvatns skili sér óhreinsaður í Úlfarsá (bls. 31 í matsskýrslu).

Í matsskýrslu um tvöföldun Vesturlandsveggar er fjallað um ofanvatn af malbikuðu yfirborði á keimlíkan hátt og gert er í skýrslu Línuhönnunar um færslu Hringbrautar. Niðurstaða Línuhönnunar um mengunarefni í afrennslisvatni er eftirfarandi: „*Þannig inniheldur afrennslisvatn ýmis efnasambönd sem geta haft neikvæð áhrif á lífríkið.*” (Færsla Hringbrautar bls. 30) Í skýrslu um tvöföldun Vesturlandsveggar er niðurstaðan um efnasambönd í ofanvatni af malbiki hins vegar eftirfarandi: „*Sum þessara efna geta haft neikvæð áhrif á lífríkið en eru þó yfirleitt ekki í miklu mæli í ofanvatni frá malbikuðu yfirborði.*” (Tvöföldun Vesturlandsveggar bls. 31)

Sú fullyrðing að efni skaðleg umhverfi séu yfirleitt í litlu mæli í ofanvatni af malbikuðum vegi er ekki studd rökum.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt bandarískum rannsóknum á efnainnihaldi ofanvatns (Barrett ofl. 1995) virðist mega gera ráð fyrir að ofanvatn af malbikuðum vegi myndi falla undir umhverfismörk III, þ.e. áhrifa að vænta á viðkvæmt lífríki skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. (Nagladekk og hálkuvarnir eru varla áhrifaþættir í bandarísku rannsókninni sem gerð var í Texas.) Í sömu rannsókn er bent á hættu á sammögnunaráhrifum ofanvatns af vegi og ofanvatns byggðar þó svo ofanvatn vegar eitt og sér myndi ekki teljast hafa skaðleg áhrif á ómeðhöndlað vatn. ("The impacts of highway runoff alone, like many other nonpoint sources of pollution generally are not significant when considered singly, but may result in degradation of water quality when combined with other sources such as urban runoff.")

Í matsskýrslu segir m.a. að ekki er talið að það magn ofanvatns sem rennur með beinum hætti út í Úlfarsá hafi umtalsverð áhrif á mengunarflokk árinna. Núverandi mengunarástand árinna hefur verið metið gott út frá mælingum á gerlamagni og efnainnihaldi vatnsins. Ekki kemur fram í matsskýrslu hvernig framkvæmdaraðili skilgreinir umtalsverð áhrif á mengunarflokk árinna og hvaða mælanleg gildi framkvæmdaraðili telur ásættanleg. Þá kemur ekki fram hvernig fylgjast eigi með ástandi árinna.

Umhverfisstofnun telur óásættanlegt að minni kröfur séu gerðar til hreinsunar ofanvatns af Vesturlandsvegi yfir Úlfarsá, en tengibrautar sem Reykjavíkurborg fyrirhugar að leggja yfir Úlfarsá nokkru austan Vesturlandsveggar. Umhverfisstofnun vill benda á að í skýrslu Reykjavíkurborgar um tengibraut, Grafarholt-Úlfarsfell, segir á bls. 8-9 um ofanvatn af vegi og brú: „*Frárennsli frá brú og vegi verður meðhöndlað á sama hátt og annað ofanvatn frá götum í íbúðabyggð sem rísa mun í suðurhlíðum Úlfarsfells... Þar sem fráveitukerfi tengibrautarinnar hefur ekki verið hannað né hæðarsetning settjarna ákveðin er möguleiki á*

að lítill hluti ofanvatns af brautinni næst ánni náist ekki í settjarnirnar. Verði sú raunin koma ýmsar lausnir til greina svo sem að leiða vatnið í oliuskiljur og litlar settjarnir nálægt ánni. Lögð er áhersla á að allt slíkt vatn verði hreinsað með sambærilegum hætti og annað ofanvatn af gatnakerfinu áður en það er leitt í viðtaka.... Með þessari útfærslu er verið að stemma stigu við að mengandi efni berist með ofanvatni í Úlfarsána."

Í ljósi þess að umferðarspár gera ráð fyrir um 100% meiri umferð um Vesturlandsveg en tengibrautina Grafarholt-Úlfarsfell telur Umhverfisstofnun að gera ætti a.m.k. sömu kröfur til meðhöndlunar ofanvatns af Vesturlandsvegi og af tengibraut Grafarholt-Úlfarsfell.

Umhverfisstofnun telur að ekki skuli veita ofanvatni beint í Úlfarsá. Ef ekki er hægt að tryggja fullnægjandi síun ofanvatns ætti að veita ofanvatni burtu. Huga verður nú þegar að áframhaldandi verndun árinna og lífríkis hennar. Stofnunin tekur undir eftirfarandi ábendingar í skýrslu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis: „Álagið á ána mun halda áfram að aukast með auknum umsvifum og auknu hlutfalli þéttra flata. Ef verndun árinna er ekki strax höfð að leiðarljósi við uppbyggingu á vatnasviðinu er hins vegar líklegt að erfitt reynist að ná settum markmiðum þegar fram í sækir."

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um áhrif ofanvatns í matsskýrslu sé ófullnægjandi. Að mati stofnunarinnar hefur ekki verið sýnt fram á að lífríki Úlfarsár skaðist ekki. Þá er óáætlanlegt að gera ekki ráð fyrir mótvægisáðgerðum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Hljóðvist

Umhverfisstofnun bendir á að innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar eru útivistarsvæði (skógræktarsvæðið) við Úlfarsfell, golfvöllur við Korpu og væntanlegur kirkjugarður (annað hvort fyrir vestan eða austan veg; fer eftir hvort breyting verður gerð á staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar). Fullyrðingar í skýrslunni (bls. 34) um að ákvæði reglugerðar nr. 933/1999 eigi hvergi við innan svæðisins nú eða strax eftir framkvæmd eru því rangar. Fyrir útivistarsvæði ber að halda hljóðstigi innan við 55 dB(A), sbr. töflu 8.1 í matsskýrslu. Engin umfjöllun er um áhrif framkvæmdarinnar á hljóðstig á ofangreindum útivistarsvæðum. Af myndum 8.1-8.4 sést að við núverandi ástand er hljóðstig yfir mörkum, t.d. á skógræktarsvæðinu við Úlfarsfell og miðað við gefnar forsendur verður hljóðstig yfir mörkum á hluta golfvallar og svæðis fyrirhugaðs kirkjugarðs austan vegar (skv. drögum að breytingu á staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024), jafnvel með þeim hljóðvörnum sem rætt er um að séu hugsanlegar í matsskýrslu. Ákvæði reglugerðar nr. 933/1999 eiga við um útivistarsvæði í þéttbýli almennt séð, en ekki sértilgreind „kyrrlát útivistarsvæði", sbr. umfjöllun á bls. 34 í matsskýrslu.

Umhverfisstofnun vill benda á að Vegagerðin rekur við Korpu svonefndan umferðagreini, mælitæki sem mælir m.a. hraða bíla, bil milli þeirra og stærðarflokka, sjá t.d. Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar, 4. tbl. 2002. Stofnunin teldi eðlilegra að nota slíkar mældar stærðir við útreikninga á hávaða frá umferðinni.

Loftmengun

Niðurstöður höfunda matsskýrslu um loftmengunaráhrif vegna tvöföldunar Vesturlandsvegur byggja á ætluðum líkindum við aðra óskylda framkvæmd og er ályktunin án stuðnings við nokkur veðurgögn. Umhverfisstofnun bendir t.d. á að það er rekin sjálfvirk veðurstöð við Korpu þar sem möguleiki er á að bera saman veðurgögn við forsendur þeirrar rannsóknar sem vísað er í til samanburðar. Einnig var mældur styrkur NOx í loftgæðamælistöð Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnun) um tveggja ára skeið 1999-2001. Niðurstöður mælinga eru að sönnu lágar enda fóru mælingar fram nokkuð fjarri vegi. Þær hefði þó mátt

nýta til samanburðar við þau gildi sem skýrsluhöfundar velja að nota.

Gróðurfar

Umhverfisstofnun tekur undir athugasemd frá Guðjóni Jenssyni þess efnis að landnám plantna á röskuðum svæðum verði kannað betur. Umhverfisstofnun telur að mikilvægt sé að afla upplýsinga um hvort þær aðferðir sem Vegagerðin hefur beitt við uppgræðslu vegsvæða hindri eða búi í haginn fyrir landnámi grenndargróðurs og hvernig það landnám fer fram á vegsvæðum.

Umhverfisstofnun benti á það í athugasemdum sínum við tillögu að matsáætlun að kanna ætti gróðurfar í landi Mosfellsbæjar á svipaðan hátt og gert hefur verið í landi Reykjavíkur. Í matsskýrslu kemur fram að náttúrufræðingar Alta hafi skoðað svæðið og telji það áþekkt gróðufari í Höllum og Hamrahlíðarlöndum. Ekki eru lögð fram gögn um hvernig staðið var að þeim gróðurfarsrannsóknum né birtar niðurstöður þeirra rannsókna. Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um gróður sé ófullnægjandi og ekki í samræmi við samþykka matsáætlun, en þar kemur fram að í matsskýrslu verði greint frá megineinkennum gróðurfars, sem og hvort á svæðinu er að finna sjaldgæfar tegundir eða tegundir með sérstakt verndargildi.

Lífriki - langtímaáhrif og vöktun

Umhverfisstofnun telur að sú vöktun á lífríki og vatnsgæðum sem lögð er til í matsskýrslunni sé ófullnægjandi ef meta skal áhrif framkvæmdarinnar til lengri tíma. Umhverfisstofnun vill benda á að áhrif framkvæmdar eru ekki eingöngu bundin við framkvæmdartíma, heldur verður einnig að meta hugsanleg áhrif á rekstartíma, þar sem þættir eins og hálkuvarnir geta haft umhverfisáhrif.

Ljóst er að brúarframkvæmdir munu hafa áhrif á lífríki Úlfarsár. Það er mat Umhverfisstofnunar að sá kostur að byggja brú yfir núverandi árfarveg muni hafa minnst umhverfisáhrif. Í matsskýrslunni er lagt til að byggja brú á þurru og búa síðan til nýjan farveg undir brýrnar. Sá kostur er talinn hafa minnst áhrif að mati framkvæmdaraðila þrátt fyrir að hann muni rýra bæði uppeldisstöðvar og helstu hrygningarstöðvar árinna. Í matsskýrslu er fjallað um vöktun á lífríki vegna brúarframkvæmdanna og talið „*mögulegt að mæla hversu mikil hrygning er og rétt að gera það að ári liðnu*“ (matsskýrsla bls. 32). Umhverfisstofnun telur að vöktun á viðgangi laxfiska í Úlfarsá eigi að standa yfir í a.m.k. 5 ár (eða tíma sem svarar til að a.m.k. einnar kynslóðar laxa frá klaki til hrygningar að framkvæmdum loknum), þannig að hægt sé að meta áhrif framkvæmdarinnar á uppeldis- og hrygningarstöðvar yfir lengri tíma og um leið hugsanleg áhrif rekstrar Vesturlandsvegar á lífríki Úlfarsár.

Hvað varðar vöktun á ástandi vatns í Úlfarsá telur Umhverfisstofnun að fara ætti að þeim tillögum að langtímamarkmiðum og vöktun sem settar eru fram í skýrslu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis (bls. 26-28). Umhverfisstofnun telur að hætta sé á að sammögnunaráhrif verði töluverð á lífríki Úlfarsár vegna ýmissa ólíkra framkvæmda svo sem vegagerðar, íbúðabyggðar, reksturs og annarra umsvifa á vatnasviði Úlfarsár. Það er því ljóst að eigi að vernda lífríki árinna verður að gera ýtrustu kröfur um umhverfis- og náttúruvernd og að margir aðilar þurfa að koma að vöktun og eftirliti til að tryggja æskilegt ástand lífríkis og vatnsgæða í Úlfarsá.

Niðurstaða


Það er mat Umhverfisstofnunar að umfjöllun í matsskýrslu um hugsanleg umhverfisáhrif fyrirhugar framkvæmdar sé ófullnægjandi. Stofnunin telur að ekki sé gerð grein fyrir í hverju

annars vegar skammtímaáhrif og hins vegar langtímaáhrif á lífríki Úlfarsár gætu falist né gerð fullnægjandi grein fyrir mótvægisáðgerðum og vöktun. Í matsskýrslu er ekki gerð grein fyrir hvaða gæðakröfur skal gera til vatns í Úlfarsá á framkvæmdar- og rekstartíma Vesturlandsvegar miðað við núverandi ástand árinna (þ.e. hvað átt er við með „umtalsverð áhrif á mengunarflokk“ í matsskýrslu). Ekki er í matsskýrslu gerð grein fyrir hvaða efnasambanda og í hvaða magni þeirra sé að vænta í ofanvatni sem ætlunin er að leiða í Úlfarsá. Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt að veita ofanvatni beint í Úlfarsá án meðhöndlunar enda beri að tryggja áframhaldandi verndun árinna og lífríkis hennar. Gera verði a.m.k. sömu kröfur til meðhöndlunar ofanvatns af Vesturlandsvegi og af fyrirhugaðri tengibraut Grafarholt-Úlfarsfell. Í matsskýrslu er ekki gerð grein fyrir mögulegum sammögnunaráhrifum vegna annarra framkvæmda og þéttari byggðar á vatnasviði Úlfarsár.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um gróður ófullnægjandi enda er ekki gerð grein fyrir hvernig staðið var að athugun á gróðri né birtar niðurstöður þeirrar rannsóknar. Þá er ekki fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á hljóðstig á útivistarsvæðum í nágrenni Vesturlandsvegar.

Umhverfisstofnun telur að á grundvelli þeirra gagna sem fram koma í matsskýrslu sé ekki unnt að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson


Hælgí Jennisson